



## Hreppsnefnd 28.nóvember 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopanfjarðarhrepps fimmtudaginn 28. nóv. 2000 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Inga María Ingadóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Aðalbjörn, varaoddviti, setti fund og gengið var til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 9. nóv. sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð menningamálanefnd frá 3. nóv. og 20. nóv. sl. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 23. nóv. sl. Fundargerðin rædd og sveitarstjóri skýrði teikningar yfir löndunarlagnir sem lágu fyrir bygginganefnd á fundinum, sem nokkurs konar skýringar á hugmyndum um lagnirnar án mælikvarða. Nokkur umræða var um staðsetningu löndunarlagnanna og töldu sumir hreppsnefndarmenn að betur færi að löndunarlagnirnar yrðu lagðar í jörðu frekar en á lofti eins og teikningar sýnar, og fannst þeim að ekki hefði verið skoðað nægilega kosti þess eða galla hvor leiðna yrði farið. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 5 atkv.

4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 16. nóv. og 23. nóv. sl. Fundarferð frá 16. nóv. rædd og síðan samþykkt með 6 atkv. . Fundargerð 23. nóv. rædd og síðan samþykkt með 6 atkv. Fram kom tillaga frá hreppsnefnd svo hljóðandi:

Tillagan samþykkt með 5 atkv.

5. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 21. nóv. sl. og forvarnarstefna, afgreiðslu frestað á síðasta fundi hreppsnefndar. Nokkur umræða var um fundargerðina og kom fram að enginn æskulýðsfulltrúi er starfandi um þessar mundir og töldu fundarmenn að vart væri hægt að framfylgja stefnunni um forvarnir án starfandi sé æskulýðsfulltrúi í sveitarfélaginu. Oddviti bar upp forvarnarstefu félagsmálanefndar og var hún samþykkt samhljóða. Fundargerðin frá 21. nóv. sl. lögð fram til kynningar.

6. mál. Kobeingsgta 48, erindi dags. 6. nóv. sl. varðandi ofgreiðslu fasteignagjalda. Erindi barst frá Þóroddi Árnasyni, Kolbeingsgötu 48, Vopnafirði um endurgreiðslu fasteignagjalda. Telur hann að rangar viðmiðanir fasteingamats og álagningstofna hafi veri notaðar allt frá árinu 1984. Með vöxtum telur viðkomandi að upphæð ofgreiðslu muni vera nú kr. 489.850. Samþykkt að frestað málinu þar til umsögn lögfræðings Samb. ísl. sveitarfél. hefur sent greinargerð sem sveitarstjórn beðin hefur verið um skv. bréfi dag. 23.11.00.

7. mál. Rauði kross Íslands, bréf dags. 1. nóv. sl. varðandi þjóðhátíð. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu á viðeigandi hátt.

8. mál. Fismarkaður Vopnafjarðar erindi dags. 15. nóv. sl. varðandi starfsleyfi til að starfrækja tölvu- og leiktækjasal að Hafnarbyggð 2a. Umræða var um hverskonar leiktækjasalur væri hugsaður í húsnæðinu og var upplýst að þar ætti að vera tölvuver og eru rekin slík ver víðar undir nafninu Kveikur. Samþykkt var að vísa málinu til bygginganefndar en að öðru leyti var erindinu jákvætt tekið af hreppsnefnd.

9. mál. Samþykkt um álagningu sveitarstjóðsgjalda 2001, tillaga.

Tillan:

“ Samþykkt samhljóða

10. mál. Lántökur, Vopnafjarðarhrepps og Hafnarsjóðs árið 2000, lántökuheimildir. Sveitarstjóri skýrði frá því að taka þurfi lán fyrir sveitarsjóð á yfirstandandi ári og nefndi hann 30 millj. kr. lán fyrir áramót.

11. mál. Vegagerð ríkisins , bréf dags. 21. nóv. sl. varðandi snjómokstur.

Bréf frá vegagerðinn sem svar við bréfi sviatarstjóra dags. 28.07.2000 um snjómokstur 7 daga vikunnar um Vopnafjarðarheiði og Mývatns-Möðrudalsöræfi. Lagnt fram til kynningar

12. mál. Ljósaland, skipting í tvo veðstaði. Samþykkt.

13. mál. Félagsmálanefnd, Efnahags-og viðskiptanefnd og Samgöngunefnd Alþingis, umsagnir um frumvörp.

Sveitarstjóri skýrði frá umsögnum sem hann hefur samið við frumvörp til laga um tekjustofna sveitarfélagað sem leitað er eftir frá formanni félagsmálanefndar Alþingis, formanni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og formanni samgöngunefndar Alþingis. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða þær umsagnir sem sveitarstjóri lagði fram.

14. mál. Stefna í menningamálum á Austurlandi, tollögur starfshóps.

Skýrsla lögð fram frá Þróunarstofu Austurlands um menningamálastefnu á Austurlandi. Lagt fram til kynningar.

Mikil umræða var um skýrsluna og í framhaldi af því samþykkt að sviatarstjóri, oddviti og varaoddviti vinni að undirbúningi að samstarfi um menningamál á Austurlandi fyrir næsta fund hreppsnefndar.

15. mál. Bygginganefnd, skipun aðalmanns. Ingólfur Arason skipaður aðalmaður í bygginganefnd.

16. mál. Ýmsar fundargerðir:

a) Fundargerð starfshóps um málefni skólaskrifstofu frá 13.nóv. sl.

Sveitarstjóri skýrði frá aðalfundi skólaskrifstofu sem hann sat og málum sem hann tók upp fyrir skólann hér í sambandi við sérþjónustu sem veitt er frá skrifstofunni.

b) SSA bréf dags. 20.nóv. sl. varðandi tillögur nefndar um tekjustofna sveitarfélaga.

c) Verkefnastjórn Star, bréf dags. 20. nóv. sl. varðandi tilnefnigau fulltrúa. d) Fundargerð héraðsskjalasafns Austfirðinga frá 9. nóv. sl. og fundargerð aðalfundar frá sama degi.

Fleira ekki tekið fyrir og varaoddviti sleit fundi.